



Til fjölmiðla

11. febrúar 2014

112-dagurinn er í dag - öryggi í vetrarferðum í brennidepli:

## Ófærum vegum verður lokað með slám

*Fyrsta lokunarsláin formlega tekin í notkun við Litlu Kaffistofuna í dag. Eykur öryggi og flýttir fyrir. Mikil áhersla lögð á að fólk undirbúi ferðir og útvíst vel til að fyrirbyggja erfiðleika og slys.*

**112 og samstarfsaðilar vegna 112-dagsins leggja mikla áherslu á að fólk hugi betur að öryggi í ferðalögum að vetri til. Vetrarmánuðirnir eru gríðarlega annasamir hjá 112 og viðbragðsaðilum vegna ferðalaga og útvistar við misjafnar og stundum mjög varasamar aðstæður. Vegagerðin hyggst í auknum mæli grípa til þess ráðs að loka vegum með slám til að koma í veg fyrir að fólk sitji fast á heiðum og öðrum erfiðum leiðum með tilheyrandi kostnaði. Fyrsta sláin verður formlega tekin í notkun við Litlu Kaffistofuna í dag.**

Aðgerðir Vegagerðarinnar hafa verið undirbúnaðar í samvinnu við 112 og viðbragðsaðila. Sett verða upp tilkynningaskilti og slár við fjölmargar leiðir. Þegar vegi er lokað vegna veðurs eða slyss er slánum komið fyrir og ná þær yfir aðra akreinina. Þannig komast bílar niður af fjallinu en þeir sem hyggjast leggja á lokaðan veg koma að skilti sem segir að allur akstur sé bannaður. Ljósaskiltin sem sýna veðuráðstæður hafa verið uppfærð þannig að hægt er að birta „Lokað“ og „Closed“ á víxl. Einnig hafa verið sett blikkljós á skiltin til að vekja enn frekar athygli á lokun.

„Við hvetjum vegfarendur eindregið til að virða merki um lokun enda getur hlotist af því talsverður kostnaður að fá aðstoð á lokuðum vegi. Það er von okkar að að vegfarendur taki þessari nýbreytni vel og geri sér grein fyrir að þetta er gert til að tryggja öryggi vegfarenda. Þetta flýttir einnig fyrir því að vegir opnast á ný því nú á Vegagerðin oft í erfiðleikum með að opna vegi vegna bíla sem sitja fastir og mannlausir á heiðum,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar.

Í fyrsta áfanga verða settar upp lokunarslár á Hellisheiði, Dettifossvegi, Hellisheiði, í Þrengslum, á Mosfellsheiði, Holtavörðuheiði, Bröttubrekku, Fróðárheiði, Þróskuldum, Steingrímsfjarðarheiði, Hrafnseyrarheiði, Dynjandisheiði, Þverárfjallsvegi, Vatnsskarði, Siglufjarðarvegi, Lágheiði, Öxnadalshéiði, Víkurskarði, Mývatnsöræfum, Fjarðarheiði, Breiðadalsheiði, Fagradal, Öxi og Skeiðarársandi. Fleiri munu síðan bætast við í kjölfarið.

Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri 112, segir að með því að vanda betur undirbúning ferðalaga megi draga verulega úr hættu á slysum og erfiðleikum og auðvelda leit og björgun þegar á þarf að halda.

„Við leggjum mikla áherslu á að ferðalangar geri ferðaáætlun, til dæmis á safetravel.is, og láti vita af ferðum sínum. Einnig er brýnt að fólk geti látið vita um nákvæma staðsetningu þegar leitað er eftir aðstoð. Það getur flýtt verulega fyrir því að aðstoð berist. Við hvetjum fólk líka eindregið til að læra að bregðast við slysum og veikindum með því að sækja námskeið í skyndihjálp eða fyrstu hjálp,“ segir Tómas.

112-blaðið fylgir Fréttablaðinu í dag. Þar er að finna ítarlegar leiðbeiningar og góð ráð um hvernig auka má öryggi í ferðum að vetri til.

Við athöfn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð kl. 16 verða veitt verðlaun í Eldvarnagetrauninni 2013 og neyðarverði ársins verður veitt viðurkenning. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra flytur ávarp við athöfnina.

112-dagurinn er samstarfsverkefni stofnana og félagasamtaka sem annast margvíslega neyðarþjónustu, almannavarnir og barnavernd í landinu. Þau eru: 112, Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Landspítalinn, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjórinn, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Vegagerðin og samstarfsaðilar um allt land.

*Nánar:*

*G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, í síma 865 3163.*

*Tómas Gíslason, aðstoðarframkvæmdastjóri 112, í síma 823 3131.*